



Byggðakvóti í Sv. Ölfusi
Almennt: Tölvupóstur
Málsnúmer: ANR18100052
Málalyklar: 11.02.07 Úthlutanir aflaheimilda
Eigandi skjals: Hinrik Greipsson
Staða: Lokið
Dagsetningar:
Búið til: 13.02.2019
Dagsetning skjals: 11.02.2019

Upplýsingar um viðskiptavin:
Netfang: "Jón Páll Kristófersson" <jonpall@rammi.is>

Notandi: "Jón Páll Kristófersson" <jonpall@rammi.is>
Dagsetning: 11.2.2019 14:49:29
Til: "Hinrik Greipsson" <hinrik.greipsson@anr.is>
Efni: Byggðakvóti í Sv. Ölfusi

Sæll vertu Hinrik,

Eins og sést m.a. á heimasíðu ANR þá hefur Sv. Ölfus staðfest sérreglur nú í lok janúar vegna úthlutunar byggðakvóta á yfirstandandi fiskveiðiári. Sem reyndar er ríflega mánuði á eftir leyfðan tíma til að skila inn viðkomandi tillögum sbr. bréf frá ANR þann 23.11.2018. Bæjarráð hafði í byrjun janúar staðfest reglur sem voru þær sömu og mörg undanfarin ár en Bæjarstjórn Ölfuss breytir þeirri staðfestingu á sínum fundi í lok janúar og færir þá tímasetninguna á hvenær skip eigi að vera skráð í byggðarlaginu/sveitarfélaginu frá 1. júlí til 1. des. Samkvæmt reglugerð 685/2018 þá eru sérreglur líkt og þessi aðeins heimiluð ef þær eru rökstuddar „enda séu þau byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga“. Ég get ekki séð í bókun bæjarstjórnar 31.01., sem undirritaður situr í en vék af fundi við þessa afgreiðslu, hvaða rök eru fyrir þessari sérreglu sem réttlætir að ekki sé farið eftir hinu almenna skilyrði að skip sé skráð hér þann 1.júlí. Hefur eða mun ráðuneytið kalla eftir þessum rökstuðningi vegna þessa áður en þessar sérreglur verða samþykktar og auglýstar?

Bestu kveðjur,
Jón Páll Kristófersson
Rekstrarstjóri Ramma hf. Þorlákshöfn
Branch manager

Sími: 460-5599
Gsm: 899-1785
E-mail: jonpall@rammi.is